

2. desember 2015

Umsögn frá kennurum í geðlæknisfræði vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 4 ára (mál 338.)

Það er mat okkar að mjög margt jákvætt sé að finna í þessum tillögum. Áhersla á að efla geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu og utan spítala ber að fagna. Fjölgun sálfræðinga og annarra heilbrigðisstétta í heilsugæslu sem sinna geta geðheilbrigðisþjónustu er þörf og löngu tímabær. Það er ljóst að geðsvið LSH getur ekki sinnt nema brýnustu og alvarlegustu tilfellum og það er bæði rétt og eðlilegt að fólk geti leitað með algeng og vægari vandamál í heilsugæslu.

Uppbygging sérhæfðari þjónustu í formi geðheilsuteyma sem þegar er komin fyrirmynd að er líka fagnaðarefni. Innleiðing Fjölskyldubrúar er einnig þarft verkefni en við veltum því fyrir okkur hvort það hún eigi ekki frekar heima innan velferðarþjónustu sveitarfélaga frekar en heilsugæslu.

Að okkar mati þarf að skýra betur hvert hlutverk geðsviðs LSH eigi að vera. Þá er átt við hvaða verkefni og þjónusta eigi heima á LSH og hvaða þjónusta eigi heima annars staðar. Það hlýtur að vera hagkvæmt og leiða til betri þjónustu að þetta sé haft eins skýrt og hægt er.

Við leggjum til að þjónusta við fólk með fíknivanda komi inn í þessar tillögur þar sem ekki er skynsamlegt að hafa þann málaflokk aðskilinn frá tillögum í geðheilbrigðismálum. Sá hópur fólks sem er í hvað mestum vanda og erfiðast er að sinna eru þeir sem eru með tvíþættan vanda þ.e. fíkn ásamt annars konar geðröskun.

Fjallað er um fjarmeðferð í tillögnum en þessar aðferðir mætti líka nota til fræðslu og handleiðslu heilbrigðisstarfsfólks í hinum dreifðu byggðum og mætti koma með tillögur að slíku.

Varðandi geðrækt og forvarnir finnst okkur að vanti skýrari stefnu varðandi snemminngrip fyrir fólk með byrjandi alvarlegan geðrænan vanda.

Varðandi túlkþjónustu og réttindi fólks til að fá slíkrar þjónustu þá vantar að fjalla um hvernig beri að þjálfa túlka og styðja og hvaða hæfniskröfur eru gerðar til þeirra. Það er reynsla okkar að þeir einstaklingar sem sinna þessu eru afar mishæfir.

Stuðningur til atvinnuþátttöku er mikilvægur og gott að vikið sé að því í tillögum þessum. Við teljum einnig að rétt sé að leita eftir meiri samvinnu við atvinnulífið um hvernig best megi greiða leið fólks að atvinnnutækifærum og hvernig hægt sé að styðja við slíkt.

Loks hljótum við að spyrja að því hvaðan fjármagn í öll þessi verkefni og uppbyggingu þjónustu eigi að koma. Það er ljóst að kostnaðurinn hlýtur að dreifast bæði á ríki og sveitarfélög og mikilvægt að þessum brýnu verkefnum verði tryggt nauðsynlegt fjármagn.

Virðingarfyllst,

Halldóra Jónsdóttir, yfirlæknir LSH og lektor í geðsjúkdómafræði við Læknadeild HÍ

Magnús Haraldsson, geðlæknir LSH og dósent í geðsjúkdómafræði við Læknad. HÍ